

Skýrsla Æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Smára 2012

Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Hrunamannahreppi



Nefndarfólk 2012: Vigdis Furuseth, Jóhanna Hoeg Sigurðardóttir, Meike Witt, Ragnar Sölvi Geirsson og Leifur Stefánsson.

Nefndin hittist í lok febrúar, að loknum aðalfundi félagsins, þar sem dagskrá komandi mánaða var rædd og skipulögð. Æskulýðsnefndin hefur haldið nokkra fundi auk mikilla samskipta með tölvupóstum og símtölum. Hér á eftir er greint frá helstu viðburðum sem æskulýðsnefndin hefur staðið fyrir á síðastliðnu ári.

Haustferð 2011

Föstudaginn 11. nóvember 2011 lögðu 27 krakkar og unglingar úr Smára upp í haustferð æskulýðsnefndar ásamt nefndarfólki. Var ferðinni heitið á fjögur hrossaræktarþú og tamningastöðvar á Suðurlandi. Markmið ferðarinnar var að krakkarnir fengju fræðslu og sýnikennslu auk þess að skoða nýjungar í þjálfun.

Fyrsti áfangastaður var Blesastaðir, þar sem Hólmfríður Björnsdóttir sýndi okkur vatnsbretti fyrir hesta. Er það íslensk hönnun og framleiðsla. Hesturinn er leiddur inní nokkurskonar box með göngubretti. Síðan rennur vatn í boxið og dýpt vatnsins og hraði brettisins er ákvarðað af þjálfunarstigi hestsins. Þegar Hólmfríður hafði sýnt okkur hvernig græjan virkaði með hesti fengu þeir sem vildu að prófa brettið, án vatns. Vakti það mikla kátínu hjá mörgum að fá að ganga eða hlaupa á misjöfnum hraða á brettinu.

Næst var brunað í Halakot til Einars Öder Magnússonar og Svanhvítar Kristjánsdóttur. Er skemmst frá því að segja að Einar náði vel til krakkanna og fræddi þau um margt sem viðkemur hestum og hestamennsku í víðum skilningi.

Frá Halakoti var ferðinni heitið í Syðri-Gegnishóla þar sem Bergur Jónsson tók á móti okkur. Bergur fylgdi okkur um hesthúsin og fræddi krakkana um þá hesta sem voru á húsi og sagði frá ræktun þeirra. Að því loknu fórum við í reiðhöll sem risin er þar á hlaðinu og fengu krakkarnir að sjá þjálfun á nokkrum hestum þar.

Síðasti áfangastaðurinn var Austurkot hjá Hugrónu Jóhannsdóttur og Páli Braga Hólmarssyni. Eftir að hafa skoðað sig um í hesthúsinu og þegið veitingar sýndi Hugrún okkur upphitun hests með brokkspírum og fræddi krakkana í leiðinni. Í lokin reið hún út á sýningarvöll við bæinn og lagði á skeið. Vakti það mikla lukku hjá krökkunum.

Þegar hér var komið sögu var dagur að kvöldi komin og næsti viðkomustaður Selfoss þar sem við gæddum okkur á góðgæti á Pizza Islandia áður en lagt var af stað heim á leið.

Þetta var vel heppnaður dagur og fengum við allstaðar höfðinglegar móttökur, fróðleik og skemmtun í bland. Krakkarnir voru allsstaðar til fyrirmyndar og gaman hversu fróðleiksfús þau eru. Við getum verið virkilega stolt af þessum hópi og framtíðin björt hjá félaginu okkar.

Fræðslufundur

Fyrir uppsveitadeildina var Ann Winter dómari fengin til að halda smá fyrirlestur um reglur íþróttkeppninar. Fjölmargir krakkar nýttu sér þessa kennslu sem þótti takast vel.

Uppsveitadeild æskunnar

Uppsveitadeildin var haldin en þó með breyttu sniði frá fyrra ári. Keppt var í smala, þrígang, fjórgang, fimmgang og tölta. Einnig var keppt í fljúgandi skeiði. Mótin voru þrjú talsins. Eins og áður stóðu félögin þrjú, Smári, Trausti og Logi að mótunum. Á loka móti uppsveitadeildarinar buðu æskulýðsnefndirnar upp á grillaðar pylsur ofl.

Reiðnámskeið

Reiðnámskeið hófst 13. mars og var vikulega fram í byrjun maí, fór kennslan fram í Reiðhöllinni á Flúðum. Reiðkennari var Ragnhildur Haraldsdóttir. 22 börn og unglingar sóttu námskeiðið á aldrinum 5 – 16 ára. Ánægjulegt var að sjá hversu margir ungir knapar mættu á námskeiðið en þriðjungur þátttakenda var undir 10 ára aldri.

Æskan og hesturinn

1. apríl var farið á Æskan og Hesturinn sem haldin var í reiðhöllinni í Víðidal. Þáttaka var með lakasta móti þetta árið, um 12 krakkar mættu á sýninguna á vegum æskulæisnefndar Smára.

Hestheimaferð

Farið var í Hestheima helgina 18-20. maí. Þátttaka var góð, 18 börn og unglinga auk nefndarfólks sem skipti með sér verkefnum. Var mikil tilhlökkun hjá krökkunum enda margir sem fara ár eftir ár í þessa ferð okkar og skemmta sér alltaf jafn vel. Börnunum var skipt í hópa og unnið á stöðvum. Reiðkennari var fengin til að segja krökkunum til og að þessu sinni var það Tómas Snorrason. Hestar voru snyrtir, reiðtygi þrífín og farið var í útreiðatúra um nágrennið. Um kvöldið var kvöldvaka og farið í heita pottinn eftir erilsaman dag. Helgin tókst vel í alla staði.



Byrjendanámskeið

Æskulýðsnefndin bauð upp á námskeið fyrir börn í Smára sem ekki höfðu aðgang að hestum né öðrum búnaði. Fengin var aðstaða hjá Simma í Syðra Langholti og hjálpuðu heimamenn til við kennslu og tilsögn. Fjölmörg börn nýttu sér þetta boð og var almenn ánægja með fyrirkomulagið.



Barna- og fjölskyldureiðtúr

19. júlí var boðað til barna- og fjölskyldureiðtúrs að Álfaskeiði. Þar var grillað og farið í leiki auk þess sem ungir sem aldnir áttu saman góða kvöldstund. Frekar dræm þáttaka var í þetta skiptið. Var komið ríðandi eða á bíl úr báðum sveitum félagsins.



Æskulýðsdagur

Laugadaginn 18. ágúst var haldin æskulýðsdagur Smára á svæði félagsins á Flúðum. Börn og unglingar tóku þátt auk fullorðinna en dagurinn var fjölskylduhátíð þar sem markmiðið er að allir skemmti sér saman. Dagskráin er hefðbundinn milli ára og lagt upp úr því að það sé eitthvað við allra hæfi. Meðal atriða var atriði sem kallað er "Teymt undir börnunum" en þetta er fyrir þau allra yngstu þar sem fullorðnir hjálpa þeim yngstu. Auk þess er "þrautakeppni" alltaf vinsæl og ekki má gleyma "mjólkurreiðinni" þar sem ungir og gamlir bregða á leik saman. Einnig var haldin töltkeppni þar sem heiðursbjónin í Þverspyrnu voru fengin til að dæma og þulur var Kolla í Réttarholti. Öll börn fengu viðurkenningarpening fyrir þátttökuna. Síðan var boðið upp á veitingar, enda allir orðnir svangir eftir skemmtilegan dag.



Haustferð 2012

Ætlunin er að fara í ferð með unglunga og eldri börn nú á haustdögum. Verður hún með svipuðu sniði og ferðin sl. haust þar sem heimsótt verða ræktunarbú og tamningastöðvar.

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi starfið hjá okkur síðastliðið ár. Það hefur verið virkilega gott og skemmtilegt tímabil og mikill kraftur og áhugi hjá börnunum okkar.

kveðjur frá Æskulýðsnefnd Smára

Vigdís Furuseth, formaður

Ragnar Sölvi Geirsson,

Meike Witt,

Leifur Stefánsson,

Jóhanna Hoeg Sigurðardóttir